

1870.

1. marz.

eptirrit af, og sem hlutaðeigandi sýslumaður hefir játað, að sè sönn, ekki fylgja því fram, að greidt verði lestagjald hvorki af þeim hestum, er fluttir voru með *Thomas Roys* árið 1867, nè af saltfiski þeim, sem „Garðar“ flutti sama árið, og innlendir fiskimenn höfðu aflað og selt fiskifélaginu nýjan.

5. marz.

22. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk til forngripasafnsins í Reykjavík.

Í bænarskrá, sem þér herra stiptamtmaður sem konungsfulltrúi á alþingi Íslendinga með bræfi, dagsettu 21. septbrm. f. á., hafið sent dómsmálastjórninni, en hún hefir aptur sent hingað, hefir alþingi farið þess á leit, að 300 rd. styrkur á ári verði veittur til forngripasafnsins í Reykjavík og til þóknunar handa þeim mönnum, er hafa umsjón yfir safninu, fyrst um sinn úr ríkissjóðnum, þangað til fjárhagur Danmerkur og Íslands sè orðinn greindur í sundur, eða, ef þetta ekki fæst, að þá megi verja jafnmiklu fè í þessu skyni af þeim peningum, sem samkvæmt fjárhagslögnum eru ætlaðir til óvissra útgjalda fyrir Ísland, og það verði falið á hendur stiptyfirvöldum Íslands að tiltaka, hve miklu af styrknum megi verja til þóknunar handa umsjónarmönnum.

Stjórnarráðið treystir sèr ekki til að koma því til leiðar, að árlegur styrkur verði veittur safninu úr ríkissjóðnum í fjárhagslögnum; en yður er jafnframt hërmeð gefið til vitundar, til leiðbeiningar og frekari framkvæmda, að stjórnarráðið þykist eiga kost á, eptir því sem ástatt er, að veita fyrir eitt skipti án skuldbindingar eptirleiðis 500 rd. styrk handa forngripasafninu af því fè, sem veitt er með fjárhagslögum þessa árs 20. gr. VI. C., og má verja þessum styrk til safnsins eptir því, sem þér, herra stiptamtmaður, ákveðið.

Því skal viðbætt, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað landfógetanum, að borga yður fè þetta úr jarðabókarsjóðnum, þá er þér æstið þess.